

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir launataxta skv. nýjum samningi og samanburður við gildandi samning. Vegna brottfalls punktakerfisins og upptöku starfsaldursþrepa er samband eldri og nýrri röðunar ekki einhlítt en reynt er að finna sem besta samsvörun. Mánaðarlaun nú eru miðuð við ótímabundið ráðna leiðsögumenn en “lausráðnir/ótímabundið” ráðnir höfðu laun sem voru 10 kr. hærri á tímann eða 1.733 kr á mánuði sem var í stað 60.000 kr. eingreiðslu sem aðrir fengu við upphaf þess samnings og átti að standa að standa út samningstímann. Hækkun tímataxta er hins vegar miðuð við taxta með þessari viðbót en hefðu ella verið um 0,5% meiri.

Við mat á samningunum er eðlilegt að líta til annarra kjarasamninga sem gerðir hafa verið að undanfögnu. Samningar Starfsgreinasambandsins og VR fólu í sér byrjunarhækkun á greidd laun og á launataxta að fjárhæð 17.000 kr. Svarar hún til um 5,6% á lægstu launataxta hjá Leiðsögn (303.926 kr.) og um 5,1% á hæsta taxtann (337.225 kr.).

Í flestum gerðum samningum eru tekin skref til styttingar á dagvinnutíma. Þau eru með mismunandi hætti og stundum (SGS) háð vinnustaðasamkomulagi. Í flestum tilvikum kemur styttingin til framkvæmda síðar á samningstímanum og þá stundum (Samiðn) gegn lækkun yfirvinnuprósentu á fyrstu 4 yfirvinnustundir hverrar viku.

### Taxtar og taxtahækkunar í nýjum kjarasamningi

	Nú	Nýr samningur	Hækkun	Nýr samningur	Nýr samningur	Nýr samningur	Hækkun	Hækkun	Hækkun	Hækkun yv.
	Mánaðarlaun	Mánaðarlaun	Mánaðarlaun	Dagvinnukaup	Yfirvinnukaup	Stórhátíðakaup	Mánaðarlauna	Dagv. tímalæuna	Yfirvinnulaun	frá álagslaunum
<b>Flokkur 1 grunnlaun</b>	303.926	320.926	17.000	1.975	3.333	4.413	5,6%	12,0%	5,6%	7,4%
<b>Flokkur 2 grunnlaun</b>	303.926	320.926	17.000	1.975	3.333	4.413	5,6%	12,0%	5,6%	7,4%
<b>Flokkur 2 eftir 1 ár</b>	315.118	328.949	13.831	2.024	3.416	4.523	4,4%	10,7%	4,4%	6,2%
<b>Flokkur 3 grunnlaun</b>	303.926	332.118	28.192	2.044	3.449	4.567	9,3%	15,9%	9,3%	11,1%
<b>Flokkur 3 eftir 1 ár</b>	315.118	342.992	27.874	2.111	3.562	4.716	8,8%	15,5%	8,8%	10,7%
<b>Flokkur 3 eftir 3 ár</b>	337.225	354.225	17.000	2.180	3.679	4.871	5,1%	11,5%	5,1%	6,9%
<b>Flokkur 4 grunnlaun</b>	315.118	340.420	25.302	2.095	3.535	4.681	8,0%	14,6%	8,0%	9,9%
<b>Flokkur 4 eftir 1 ár</b>	325.992	351.566	25.574	2.163	3.651	4.834	7,8%	14,4%	7,8%	9,7%
<b>Flokkur 4 eftir 3 ár</b>	337.225	363.111	25.886	2.235	3.771	4.993	7,7%	14,3%	7,7%	9,6%

Eins og taflan ber með sér vikur hækkun mánaðarlauna hjá Leiðsögn nokkuð frá þessu mynstri almennu samninganna. Með því að fallast á fjölgun og aðgreiningu starfsheita og að taka upp starfsaldurskerfið varð óhjákvæmilegt að teygja úr launatöflunni. sem kemur fram í hærri grunnröðun leiðsögumanna með menntunarlegan starfsundirbúning hvort sem er í sérleiðsögn, flokkur 3 (fjallaleiðsögn o.fl.) eða leiðsögumanna með fagmenntun í almennri leiðsögn, launaflokkur 4. Þessir leiðsögumenn hækka um rúmlega 25.000 kr. eða nálægt 50% meira en almennri launahækkun nemur og verður hækkun þessar hópa nálægt 8% í stað um 5%.

Dagvinnutímakaup samkvæmt samningnum hækka eins og mánaðarlaunin að viðbættum áhrifum af styttingu vinnuvikunnar úr 173,33 st. í 162,5 st. Hækkun þess er því frá um 11% upp í 14% til 16% hjá leiðsögumönnum í 3ja og 4. flokki. Áhrif af styttingu vinnuvikunnar munu einnig koma fram í fækkun dagvinnustunda og samsvarandi fjölgun yfirvinnustunda sé unnið umfram 37,5 klst. á viku.

Yfirvinnulaunin fylgja hækkun mánaðarlauna en hjá ferðaráðnum koma yfirvinnulaun í stað álagslauna og er hækkunin þar á milli 6 til 11%